sem jeg vildi og sæmilegt hefði verið.
Að svo mæltu óska jeg ykkur öllum góðrar framtíðar og vona að þið látið ungmennafjelagið eiga langa lífdaga fyrir höndum í umsjá ykkar.
Svo þakka jeg góða og skemtilega samveru í undanförnum árum.
Lifið heilir!

Ingibjörg Sigfúsdóttir

---

Ritstj.
Ingibjörg Sigfúsdóttir

# Ingimundur gamli

Blað ungmennafjelagsins „Vatnsdælingur"

| 1 tölublað | Laugardaginn 11 febrúar 1933 | XIII árg |
|---|---|---|

## Til Ingimundar.

Fyrst þið eigið þetta land,
leyfið stundum gaman.
Heilsið upp á Ingimund,
er þið komið saman.

Hann mun verða elliær
orðin þá til muna

Frá honum andar ungur blær,
út í nútíðina.

Nú er hann einn að neyta önd,
nóg er til að vinna.
Fyrrum átti hann hrausta hönd,
til hetjuverka sinna.

Margir eiga auð og lönd,
en við fráum meira.
það sem skemtir hjarta og hönd,
huga sjón og eyra.

það er löngum skipum skift,
en skildi ei þiðara klaki,
ef við getum allir lift,
einu „Grettistaki". – –

---

Köstum blundi knýtum bönd,
kvaðir bundu orma.
Tökum undir aðra hönd,
Ingimundi forna. –

Ritstjóri

## Gamla konan.

Tíminn líður ár eftir ár, árin verða að áratugum, og áratugirnir taka að hilli öld. Ef við lítum í spegil aldanna verðum við margs vísari er til fróðleiks má vera og skemtunar. – Eg ætla nú að bjóða Ingimund gamla að flytja ykkur fjelagar, örstutta sögu, sem mjer datt í hug áðan, en hún skeði fyrir mörgum áratugum síðan. Hún er á þessa leið:

Í útjaðri þorps eins hjer á landi bjó gömul kona, og var bær hennar lítill og lágur. Hún var orðin bogin í baki að kvöldi ævidags afi-dags, enda hafði hún mátt bera byrði lífsins ein, því hún hafði aldrei gifst. En þótt bak hennar væri bogið hafði hún eigi hlotið meiri laun fyrir sína líkamlegu orku, en það að nú var hún á fæðingarsveit sinni, sem skaffaði henni fremur ómerkilega kofa til þess að búa í, og nauðsynlegustu áhöld og matfong.

Lífið var henni nokkuð áhrifamikið ómerkilegt.

Hennar eini sambýlismaður var gamall

köttur, sem hafði tekið sjer þarna ból-
festu. – Eins og fleiri ógiftar stúlkur
hafði hún tekið ástfóstri við köttinn,
og þyrfti því eigi að geta þess að sam-
býlið var gott.
Af þeim sem best þektu til gömlu
konunnar, þótti hún eigi þrifin og
sumir fullyrtu jafnvel að hún væri hrædd
við vatn. Hún þvoði sjer aðeins nokkrum
sinnum á ári, og herbergið sitt einu-
sinni, en það var á aðfangadaginn.
Einn dag þegar ungi presturinn
messaði í þorpinu varð honum reikað
hjá kofa gömlu konunnar. og þar sem
hann mundi vel, orð heilagrar ritningar,
þá hafði hann þessi yfir í huga sjer:
„Það sem þú gerir einum af mínum
minsta gerir þú mjer"
Hann gekk föstum skrefum að kofanum,
drap á dyr og gekk inn. – Þar sem
hann var þyrstur eftir gönguna og
guðsmenn þyrstir alltaf, byrjaði hann
á því að biðja gömlu konuna að gefa
sjer að drekka. Hún kom með mjólk

í skál, sem prestur sá að var eigi meir
en svo hrein. Samt kærði hann sig eigi
um það, heldur fór að drekka; en þá kom
kötturinn inn og bar sig sultarlega.
Varð þá kerlingu að orði: „Sjá aumingja
kisa hún þekkir skálina sína og vill
fá að drekka með prestinum:
Þegar presturinn heyrði þetta var honum
nóg boðið, hætti að drekka, skundaði brott til
dyra eins og þeir einir geta, sem hafa
ljetta fætur og ljetta sál. og sagan segir
að þessi dagur hafi verið hinum óreynda
Guðs þjenara lærdómsríkur.

Grímur Gíslason.

## Yfirlit

Jeg ætla að fara nokkrum orðum um
ungmennafjelagið og starf þess á undan-
förnum árum. –
Það mun varla leika á tveim tungum
að starfsvið þess hefir verið mjög takmarkað

Eigi mun það samt sagna þess að fundir hafi verið fáir, að undanskildu síðasta ári frá því að hafa menn komið saman og mikið hefir verið rætt og ritað um starfsvið fjelagsins.
Á hverju ári líklega síðan að fjelagið var stofnað hefir verið rætt um það hvað dauft væri yfir fjelagsskapnum og eitthvað öðruvísi en í öðrum fjelögum.
Ýmsir munu vekja þeirri spurningu fyrir sjer. „Hversvegna er svona dauft yfir fjelaginu." Þeirri spurningu er ósvarað, og mun mönnum þykja jeg færast nokkuð í fang ef jeg reyni að svara henni.
Þá ætla jeg að byrja á því að minnast á kvenfólkið.
Það mun flestum finnast að við höfum verið heldur eyðilegir á fundum okkar og samkomum, að við skyldum nú ekki geta dregið neina kvenpersónu inn í fjelagið. Það mun þó reyndar ofsagt, því ein stúlka hefir þó verið í fjelagsskap okkar. en það hefir víst verið af því að hún sjálf hafði slíkt til brunns að bera, að hún hefði getað verið okkur nokkurskonar leiðarstjarna ef við hefðum getað fylgt henni, en það gátum við ekki.
Jæja nú er hún farin og eftir er eyðileikinn og myrkur. Þó andi guðs sveimi nú sjálfsagt yfir vötnunum eins og fyrrum. Það er að segja þegar ísa leysir.
En nú þarf skjóta aðgerða við, það þarf ljós til að lýsa upp þetta myrkur, ljós sem slær birtu á fjelagana í kvöldfundum þeirra, geisla sem eru þó hlýrri en lúðblysgeislarnir sem nokkrir menn njóta aðallega, jeg tala ekki um lífverurnar sem lifa, og þessir geislar eiga að koma frá kvenfólkinu.
Drottinn sagði á einum tíma: „Það er ekki gott að maðurinn sje einn hann þarf að hafa meðhjálp."
Flestir hinir eldri menn hafa sannað þessi orð. Lítum nú í eigin barm hinir yngri menn, og sannins mun verða

sin að það er ekki svo villaust þetta
hjá drottani, því margt hefir nú verið
reynt sem hann sagði, einkum í
seinni tíð.
Og það er þessi meðhjálp sem okkur
vantar - vantar stúlkurnar til þess að
líf komist í fjelagskapinn.
Þetta mun vera aðalástæðan fyrir því
að fjelagið okkar er öðru-vísi en önnur
ungmennafjelög, því þar eru jafnt konur
sem karlar.
Þið munið fjelagar góðir sjá að þetta
er ekki svo villaust sem jeg segi, og þetta
hafið þið vitað áður. Því engin bót hefir
verið enþá ráðin á þessu stóra vandamáli
fjelagsins.
Á síðasta fundi fjelagsins var kosin
ný stjórn þar sem hinir yngri menn
hlutu kosningu. Þar tók til máls einn
úr nýju stjórninni og talaði um að
nú væru tímamót í fjelaginu og lagði
út af því. Þetta er að nokkru leyti rjett
það er að segja, að hinir yngri menn
taka við stjórn af þeim eldri.

Enþá sjáum við ei annað en þessa
ára breytingu á mönnum þeim er
stjórna fjelagskapnum, en við vonum
af heilum hug að þeir geti skapað sem
villaust tímamót í fjelaginu, og að þeir
hafi gæfu til að bera þetta stóra vanda-
mál okkar fram til sigurs.
Það eina sem hefir verið aðalmarkmið
fjelagsins, er sjóðsöfnunin, og getur það
nú varla talist markmið, þar sem að hún
kemur alveg af sjálfu sjer, með því að
innheimta árstillög fjelagsmanna, því
ekki hefir nú fjelagið gert þetta í braski
eða stórræðum.
Það neitar því samt engin að tilgang-
urinn, með þessari sjóðsöfnun, sje góður,
hvort sem það verður bygt fyrir það sam-
komuhús, eða það rennur til fátækra
þurfamanna í hreppnum ef fjelagið legst
niður.
En því að góðir gegnir menn í fjel-
aginu segi að það sje bestur minnis-
varði yfir okkur, að búa sem best í
hendurnar á næstu kynslóð, þó fyrst

mjer nú að við líta nokkuð langt
yfir skammt, þar sem að í kringum
er nóg af mönnum, sem orgjalt
þess eftir mætti að fara á sveitina.
Mín orð verða þau, að það sje meiri
manndómur fólginn í því að að
ganga heim til manna þessara
og láta hendur standa fram úr
ermum, og vinna að því að þeir menn
þurfi ekki að lenda á sveit.
Og þá segi jeg að verði nú líf í okkur
þegar stúlkurnar koma með hrífurnar
einar út í teiginn til okkar þar sem að
við sláum af kappi fyrir hinn fátæka
mann, svo hann komist af án þess að
byðja um sveitarstyrk. Þar er mark til að
keppa að og minnisvarði til að reisa sem hefir
meira ~~spa~~ lífrænt gildi heldur en eingöngu
gjafsöfnun sem hefir löngum þrátt dauður
punktur. á máli hinum skapandi lífskrafti
sem myndast af heilbrygðri sál í hraustum
líkama.
Þetta er mín skoðun á máli þessu, hver
svo sem síðar reynist þrátt fyrir að bestu manna
yfirsýn

Ritstjóri

## Raunarolla smábóndans.

Gaman og alvara, hálfgert stolið.

Huldarreyð og nepjugaddur,
nú er bóndinn illa staddur,
ekki heitur, ekki saddur,
uppgefinn við strit og basl.
allaf lapar, uppá "rasl."
Örþrotanna nemur naddur
nær honum að hjarta.
Það hefir enga þýðingu að kvarta.

Guð er efst á himni háum
hjálpar lítið bændum smáum
sveitarstjórn, á fæti ófráum
fórnarviljans lokar hlust.
Hrimbir af henni kaldan gust.
Betra ráð ei fundið fáum
fyrir þessa peyja.
En að sofna og út frá því svo deyja.

## Ingimundur gamli.

Mörg eru þau öfl sem manninn móta og margar þær aðstæður, sem áhrif hafa á heilt þjóðfjelag. Og af þessum öflum, myndast hinn misjafni aldarháttur, sem ríkjandi er á hverjum tíma, í hverju þjóðfjelagi.

Þegar maður lítur yfir liðna tímann og skyggnist inn í fortíð vor Íslendinga, sjáum við að lífskilyrði þjóðarinnar hafa verið ærið misjöfn og stórfengleg frá hennar fyrstu göngu, og væri þá ekki að undra, þótt hennar saga væri með nokkru öðru móti en t.d. annara Skandinafíu-þjóða. Í nær 10 aldir er íslendska þjóðin búin að heyja baráttu lífsins við eld eða kulda í sínu ógyrta landi sem alltaf er jafn norðarlega á hnettinum og það má með sanni segja, að stundum hefir umheimurinn haft litla vitneskju, um hennar aldarfar.- Enn sem betur fer hefir þjóðin sjálf geymt sögu sína gegnum aldanna raðir. svo vel að nú erum við Íslendingar taldir eiga hinar merkustu fornbókmenntir. Og vissulega er það dásamlegt, að geta nú í dag, lesið um forfeður vora á sama máli og þeir töluðu, hverjir það voru og hvernig menn það voru. Og til þessa ~~mun~~ hve þjóðin hefir verið afskekt, má rekja m. a. tildrögin til þess hve mál vort hefir haldist lítið breytt.

Þannig eru það hin ytri skilyrði, sem móta manninn fyrst og fremst og þjóðfjelögin í heild. Síðan kemur margt annað til greina s.s. kynferði, trúarskoðanir og svo mætti fleira telja.-

Trúar~~skoðanir~~ saga vor Íslendinga er svo ríkur þáttur í sögunni sem heild, að ómögulegt væri að skilja þar á milli.- En hvað gerir til með trúarskoðanir? Er ekki innsti kjarni mannsins sá sami, hvaða trú sem hann játar. Trúa ekki allir á einhvern æðri mátt.- Eitthvert æðra vald, sem á að standa svo miklu ofar þeirra skilningi, vald sem á að hafa hinn skapandi og ráðandi mátt.-

En eru ekki mennirnir <u>þeir</u> sömu, hvort þeir eru það, sem við köllum heiðnir,

kaþólskir eða lúterskir o.s. frv. — Má ekki finna jafn mikinn mun hvar á sínum tíma meðal íslendsku þjóðarinnar? Tökum t.d. landnámstímabilið. Hvenær hefir verið hjer fleira göfugra manna, en einmitt þá, þótt heiðnir væru að kalla — væru bardagatrúar.

Einn af landnámsmönnunum var Ingimundur gamli Þorsteinsson. Hann byggði dal þennan, sem nú byggjum við, og bjó að Hofi — Útkoma hans er nokkuð með öðrum hætti, en margra annara landnámsmanna, því margir voru þeir, sem höfðu flúið ofríki Haralds konungs hárfagra þá hann braust til valda í Noregi, og fóru í hans banni, en Ingimundur er einn af bestu vinum konungs eftir Hafursfjarðarorustu, og svo segir sagan að þá Haraldur konungur hafði sett ~~að~~ um kyrt í ríki sínu, bauð hann til sín bestu vinum sínum og þá <u>einkum</u> Ingimundi. — Ingimundur var ungur að aldri, en búinn

að vera í hernaði í 4 sumur, og afla sjer góðs orðs eftir því, sem sagan segir. Hún segir svo:
„Ingimundur var búinn þeim kostum, sem prýða mátti höfðingja að fornum sið, djarfur í framgöngu og góður drengur, traustur til vopns, og harðfengur, vinhollur, góðgjarn og fastnæmur við vini sína.“ — Þessi lýsing er fögur og mikils verð, svo ætla mætti að Ingimundur hefði mátt góðs vænta heima á ættaróðali og í vinfengi Haralds konungs; enda óskaði hann einskis fremur.
En þá kemur til spádómur finnunnar í veislu Ingjalds að Hefni.
Sá atburður lýsir vel merkilegu trúaratriði í þann tíma, það er <u>forlagatrúin</u>, sem þarna kemur til greina og lýsir sjer svo átakanlega að koma Ingimundi til Íslands að óvilja hans.
Sama skeður og um Grím fóstbróður Ingimundar.
Sjálfur Haraldur konungur samþykkir ferð Ingimundar, og treystist ekki að

sporna við forlögunum, — sjálfur einvaldskonungurinn yfir Noregi.
Sagan lýsir hugþætti Ingimundar vel, og segir um hann að hann hafi verið góður drengur. Er það ekki mikið sagt um mann að hann sje góður drengur eða drenglundaður. — Hvaða eiginleiki er fegurri og betri.x

Þá Ingimundur bóndi hafði fengið banasár af saxi Hrolleifs skjólstæðings síns, sneri hann hesti sínum og reið heim til Hofs. Og það er ekki aðru-orð sem hann mælir: „Stirður em ek nú, ok verðum vjer lausir á fótunum inir gömlu mennirnir." Síðan gekk hann í hásæti sitt með fulltingi sveins síns, en sagði sveininum svá fyrir: „Far þú ok seg Hrolleifi, at áður morgunn kemur, get jeg at synir mínir fýsist eiga þangat at sjá eftir föður-hendunum, sem hann er, ok gæti hann svá sins ráðs, at hann fari á braut áður dagur kemur; mín er eigi at betur hefnt þótt hann deyji, en mjer sómir at skjóta skjóli yfir

þann, er ek hefi áðr í hendur tekit, meðan ek má mæla, hversu sem síðar ferr."

x Þessi orð eru framseld af manni á deyjandi stundu. Mundu þau eigi fylgja fögur nú á tímum, en maður verður at reikna hverri og einn eftir sinni samtíð og þegar að því er gáð að Ingimundur er uppi á tíma hernaðar og blóðs, verða orð hans ekki minna virði að jeg hygg.

Er synir Ingimundar komu heim til Hofs, var faðir þeirra dauður. Varð þá Jökli að orði: „Mikit er slíkt at vita um svá göfugan mann, at slíkt illmenni skuli hafa honum at bana orðit, ok förum þegar og drepum hann."

Þá mælti Þorsteinn: „Eigi get ek nú Hrolleifs heima at vænta, ok munum vjer með ráðum hans at leita, en eigi með áhlaupum, en við fá meigum vjer huggast at mikill ~~[illegible]~~ amunar vorðinn með þeim Hrolleifi ok nýta mun faðir minn þess frá þeim er síðan hefir skapt og allan heiminn. ~~og~~ hverr

sem svo er. Enn það vita menn að það
mun nakkur gert hafa."
Er þetta ekki sonur Ingimundar gamla
og er ekki sama skaplyndið, vitið,
forspáin og göfugmenskan?"
Mun ekki þeirra insta eðli, dreng-
lyndi og göfug-menska hafa blásið
þeim slíkum orðum og gjörðum í
brjóst.
Ef, sem flestir Vatnsdælir mætti líkjast
Ingimundi gamla og eignast giftu
hans á vori öld.

Grímur Gíslason.

## Staka.

Menn segja að góður guð sje til,
sem græði alt á vorin.
En snjór fyrst leggja litinn yl,
í liðanu klakasporin.

Ritstjóri.

## Skammdegi

Vetur grúfir öllu yfir,
vegar hríð um strönd og dal,
þá í brjósti þínu lifir.
þessi von sem hjálpa skal.
Síðar kemur vorið væna.
vekur hjá oss kraft og þor.
„Vorið“ sem að grætt græna.
greiðir yfir hvert þitt spor.

Vetur engum vonum skeitir,
vetur hefir stríða lund.
sínum hríðahramni beitir,
harður eftir sjerhverja blund.
Yfir völl og veigi þýtur.
veitir engu grið nje sátt.
Blómið sem að bana hlýtur
brosti og hneig í sólar-átt.

— — — —

Sumarnátt um sveitir allar.
svífur yfir grund og hlíð.
sviftir burtu blájum mjallar.
brosir við oss sumartíð.

Frítt er nú á fjallabrúnum,
fögur er hún morgunsól.
Lífsöguna rauðum rúnum,
ritar ~~þú~~ hún um dal og hól.

Enn þú finnur ylinn streyma
yfir kaldan vanga þinn
-enn. sig ~~[illegible]~~ lætur æskan dreyma
opnar heita faðminn sinn.
Finnst þjer ekki frítt á vorin
fagurt yfir sveitum lands
þegar ljettist lund og sporin
lifnar yfir ~~hugga~~ hjarta manns

Því skal einn vaka og bíða
vorið er á sínum stað
þó að bíti harkan hríða
hugsum ekki neitt um það.
Lyftist ok af anda þjáðum
aftur gjörðu komið heim
Vorið, sem að birtist bráðum
bjart er yfir svipi þeim.

Ritstjóri.

Ritstjóri Ásgrímur Kristinsson

# Ingimundur gamli.

## Blað ungmennafjelagsins „Vatnsdælingur."

2 tölublað | Mánudaginn 20 mars. 1933 | XIII árg

### Hrifnæmi íslendskrar náttúru.

Allstaðar þar sem ungmennafjelagsskapur er starfræktur, þar hafa meðlimirnir farið í eina skemtiferð á sumrin, sem dálítið kveðið að.

Við hjer, sem köllum okkur ungmenna-fjelaga höfum ekki farið neina slíka ferð enn-þá og er það illa farið, því að þó að sveitin okkar sje fögur sýnum, þá er nú eins og maður þrái stundum eitthvað annað fjarlægara og

mönnum úþekt, enda þekkjum við þó karl-
mennirnir að minstakosti fjöllin og heið-
arnar að því, að þau laða og seiða hugan
til sín.
Eg hefi nú heyrt nokkrar raddir um það í
vetur að það væri vel til fallið af hinni ný-
kjörnu ungmennafjelagsstjórn, að gangast
fyrir einni slíkri skemtiferð á komandi vori
Sumir hafa nefnt „Hveravelli“ í því sambandi
um það alla jeg ekkert að dæma því
jeg hef aldrei komið þangað, en jeg hefi heyrt
menn segja að það sje fagur staður, og
víst er um það að margt ferðafólk sem
er að skoða náttúrufegurð landsins hefir
þangað komið, enda er þetta mjög þekktur
staður úr ýmsum ritum og þjóðsögum
Annálum og fl.
Gæti nú ekki skeð að slík ferð yrði til
þess, að mörgum sem hafa haft heldur
ýmigust á fjelagsskap okkar þætti þá kannske
einhvers virði að vera í slíkum fjelagsskap.
Jeg hefi þá skoðun að þegar slík skemtiferð
yrði farin þá mætti telja að fjelag okkar ætti
þátt í því að það yrði minni fólksstraumurinn

til Reykjavíkur og kaupstaðanna sem alla.
Það er ekki vafi á því að fólksstraumurinn
til kaupstaðanna er að miklum mun því að
kenna að það er svo lítið af skemtunum í
sveitunum, og þó eigi sje hægt að hafa jafn
margar og fjölbreyttar skemtanir í sveitinni frá
höfum við þó góð skilyrði til þess á vorin og sum-
rin, að fara eina skemtiferð til öræfanna, er
væri okkur dálítið minnistæðari heldur en þó
við sjeum að slæpast á sunnudögum um veginn,
fara erindisleysur heim á bæi drekka þar kaffi o.s.frv.
Jeg mintist á „Hveravelli“ af því að jeg hafði
heyrt menn nefna þá í þessu sambandi, en
jeg býst nú við því að mörgum mundi þykja það
löng ferð og erfið, enda er hún það, einkanlega
fyrir kvenfólkið sem er ~~[illegible]~~ óvant því að koma
á hestbak.
En jeg sje heldur ekki annað en að það mætti
alveg eins fara miklu styttri ferð, og mundi
margur hafa skemtun af, þó eigi væri farið
lengra en fram í „Friðmundarvatnshólma“ eða eitt-
hvað því um líkt, og væri það kanski hentugt að
fara hægt í sakirnar fyrst, en vita svo hvort að
sjálf heiðin með sínum speglandi vötnum og

og hreimþýða svana-söng. og fjöllin og jöklarnir
sem blána fyrir í fjarlægðinni, hafa eigi í
sjer fólgin þann mátt er laðar og seiðir
okkur lengra og lengra inn að hjarta hinnar
íslenzku náttúru.
En á meðan við látum okkur nægja
aðeins það, ~~[illegible]~~ er við getum ~~[illegible]~~ horft
umsig sjeð úr okkar bæjardyrum þá
mætti okkur gjarnan detta í hug þetta
kvæði úr „Þyrnum," Þorsteins Erlingssonar
ef við þá kunnum það öll.
„Því sá sem hræðist fjallið og einlægt aftur snýr
„fær aldrei leyst þá gátu, hvað hinumegin býr
„En þeim sem eina lífið er bjarta brúðarmyndin
„því bjartast upp á fjallið og upp á hæsta tindinn
„Kæru fjelagar": hugsið ykkur nú ~~#~~ það að
við værum nú á leiðinni fram til heiðarinnar
á hlýjum og sólbjörtum morgni. Það er
margt sem ber fyrir hugann fagurt og nýstár-
legt, og svo allt í einu finnum við líka um
okkur, þennan hlýja og hreina fjallablæ sem
lyftir huganum hátt og vekur gleði og þrótt
í ~~hug~~ (svip) hvers manns. og eftir stutta stund
er allur hópurinn farinn að syngja þetta fagra

og sveitalega kvæði.
„Fjallablærinn frjáls og hreinn,
friðar svalar vöngum mínum,
Vakir fram í auðnum einn,
örvar lífgar frjáls og hreinn.
Smátíns ung og ikur sveinn.
eiga hann að vini sínum.
Fjallablærinn frjáls og hreinn,
friðar svalar vöngum mínum."
Það færist kyrð yfir hópinn þegar söngurinn
er lokið. Það er eins og hver hafi ásett sjer
að rjúfa ekki þögnina.
Allt í einu segir einn. „Finnst ykkur
nú ekki, að sveitin, með öllu því, sem
hún hefir að bjóða, þessi yndislegi vor-
morgun og margir slíkir, geti nú jafnast
á við kaupstaðarlífið, Bíóin, Leikhúsin Kaffi-
húsin (og margt fleira). Flestir eru á sama
máli um það, að varla geti fegurri stundir
en þessa, og síðan heldur hópurinn áfram
með sömu glaðværð og áður.
Þeir sem kunnugastir eru, lýsa fyrir
hinum því sem fyrir augað ber, örnefnum,
o. fl.

Fólkið dregur sig um lyngbrekkur og fagurgræna hvílubakka, og það er glatt og ánægt, yfir ferðinni sem hefir orðið öllum vonum framar.
Sólin er að síga í vestri, dagurinn liðinn, það er komið kvöld. fólkið er á heimleið, það er komin forsæla allstaðar þar sem leiti ber fyrir hina hnígandi sól, það er smátt og smátt að færast móða eða hula yfir heiðina, sem vekur söknuð og þrá í brjóstum fólksins.
Alt í einu heyrist ómur líkt og af fjarlægum söng, fólkið hlustar, söngurinn færist nær, og brátt kemur í ljós mál yndisfagur svanahópur sem lætur söng sinn líða svo unaðslega út í hina djúpu kvöldkyrð.
Einhver af fólkinu byrjar að syngja þetta gullfagra erindi eftir Þorstein Erlingsson

Jeg veit hvar álft frá veiði fer,
af víði kvöldum svifin,
og fjöður hálf þar engin er
og ekki sauri drifin;
á breiðum vengjum fer hún frjáls
með fjallabeltum háum
og speglar mjallahvítan háls
í heiða-vötnum bláum.

Erindið er sungið á enda, og kyrð yfir öllu, aðeins má heyra óm af svanasöngnum sem er að deyja út í fjarska, hann vekur hlýjar endurminningar um hinn liðna dag, en eykur jafnframt söknuðinn í brjóstum manna, og þrána eftir fleiri slíkum dögum
Einn úr hópnum rýfur þögnina og segir.
„Ó hvað maður má öfunda þessa saklausa svani sem fá að búa við fjöllin og heiðarnar."
Þá svarar einhver og segir. „Já að vísu megum við öfunda svanina, en er það ekki slefna (og markonið) altrar meiningar, og eru það ekki þeir menn sem ráða fram úr vandamálum okkar og eiga að finna okkur farsælar leiðir í lífi og búnaðarháttum vorum, eru þeir ekki einmitt að þjaka okkur saman, nær kaupstöðunum, og draga okkur frá fjöllunum yndislegu með sinni fagur-mælgi.
Enginn vill mótmæla þessu, allir finna sannleikann sem felst á bakvið þessi orð, og enn líður söknuðurinn yfir huga fólksins

það sem í huganum. yfir liðna tímann, og
ber sig saman við síðustu hinstlátur, og
það finnur að það tapar. skortir manndóm
á viðforfeður sína.
það er kyrð yfir öllu ekkert heyrist nema
fótatak hestanna. og fólkið ríður þögult
ofan af hinum yndislegu fjöllum og
niður í bygðina.

Ritstjóri.

## Þegar jeg trúlofaðist konunni minni.

Sigurður og Guðlaug á Torfastöðum mintust
50 ára afm hjúskaparafmælis síns, með
virðulegri veislu. þar sem þau buðu til
sín öllum sveitungum sínum og helstu
kunningjum í nærliggjandi sveitum.
Við Sigurður erum aldavinir, en þar sem
jeg var búsettur í annari sveit, hittumst
við sjaldan núorðið, en nú notuðum við
tækifærið að spjalla saman um liðna
daga og æskubrek okkar. og eins og nærri
má geta bar margt á góma, og þar á

meðal þessi skrítla sem hjer fer á eftir
og læt jeg nú Sigurð sjálfan segja frá.
Þegar jeg var unglingur var jeg orðinn allgóð
skytta. Átti jeg byssu ágæta sem faðir gaf
mjer í fermingargjöf, en hún var þó ekki
eins góð og stóra byssan hans föður míns.
Jeg átti lítið byrgi uppá hálsinum fyrir
ofan. sem jeg lá í á óttunni við að skjóta
tófur. þennan vetur var óvenju gott tófulíf,
bjart og stilt veður, dag eftir dag og viku
eftir viku, og þónokkurt frost.
Jeg var búin að skjóta þrár 3 tófur þann
vetur. Svo var það einu sinni að jeg var
kominn í byrgi mitt og búin að vera þar
nokkra stund, sá jeg hvar tófa kemur
og stefnir heim að óti. þegar hún var nærri
komin í skotfæri þóttist jeg sjá aðra þar
skamt frá. en eins og lítinn hrygg okra á
milli þeirra. Mjer datt nú í hug að gaman
væri að hafa einu sinni tvær 2 í skoti. og
beið í litla stund að sjá hvað hún gerði.
hvort hún kæmi heim líka en enginn getur
líst undrun minni þegar jeg sje alt í einu
að þetta er maður en ekki tófa. nú mjer

varð skrambi hvelt við, og átla þá að
skjóta þá sem heima var, en hún hafði
þá sjeð þetta líka, og sá jeg rjett i bátinn
á henni i því hún var að fara.
Nú jeg sá að búið myndi með alla viti
i þetta skiptið og ákvað því að slást i
för með manni þessum því að við
áttum sýnilega samleið.
Þegar jeg fór út varð eitthvert þrusk og
heyrði maðurinn það víst nema jeg sá
að hann leit við og rak upp eitt skaðræðis-
hljóð og tók svo til fótanna, hefur líklega
haldið að þetta væri fjandinn sjálfur.
Jeg kallaði á eftir honum og bað hann
doka við eftir mjer jeg ætlaði að slást i
för með honum. jeg varð ekki lítið
hissa þegar þegar jeg sá að þetta var
kvenmaður, og sem jeg þekti mjög vel.
það var sem sje hún Lauga á Fossvöllum
(en það er næsti bær við Torfustaði) við vorum
jafngömul og bestu mátar. jeg spurði
hana um ferð hennar og sagðist hún
hafa farið i kynnisför yfir að Hálsi sem
er bær vestanvert i hálsinum. en farið

þaðan seinna á stað en hún ætlaði sjer
og því farið alt beint til að stytta sjer
leið og ekki búist við að verða á vegi neinna
útilegumanna.
Jeg sagði henni hvern óskunda hún hefði
gert mjer, að reka frá mjer tófuna og svo
hefði jeg verið að hugsa um að skjóta hana
sjálfa því mjer hefði sýnst hún vera tófa
fyrst þegar jeg sá hana. Hún bað mig auð-
vitað fyrirgefningar á þessum prettum með
mörgum fögrum orðum, hún hefði ekki
vitað hvar jeg hjeldi við þessar veiðar mínar
eða hún gæti gert mjer nokkurn óskunda
með því að fara þessa leið.
Jeg þarf ekki orðlengja það frekar hvað við
töluðumst hjer eftir. jeg fylgdi Laugu heim
til hennar og á sumardaginn fyrsta
settum við upp hringana.

Hávarður.

# Skrítlur.

Gunna vinnukona: „Haldur bílstjóri var þróndkkið kendur núna." Hitt fólkið: „nei ekki minstu vitund." Gunna vinnukona: „Ja segið þið mjer nú ekkert af því, þið hefðuð átt að koma eins nálægt munninum á honum eins og jeg."

---

Stóri bróðir: „Nei þetta er ljóta slættulagið. Þú verður alldrei góður sláttumaður, ef þú breytir ekki af því." Litli bróðir: „Nú hvernig á jeg þá að slá." Stóri bróðir: „Þú skalt setja þarna á þúfunni hjá þjer, í so sem fimm 5 minútur, og horfa á hvernig jeg slæ og svo skaltu koma eftir mjer."

---

Gvendur: „Hvenær ætlarðu að borga mjer þessa 75 aura sem jeg á hjá þjer."
Mangi: „Hugsa þú um þínar skuldir en ekki annara."

---

Maður hjet Þorsteinn heldur var hann daufgerður talin. Nú kemur þar að hann opinberar trúlofun sína. Spurði þá einn góðvinur hans að hvernig hann hefði farið að koma sjer að því að bjóða henni hendi sínar. Og við vöndumst nú svona saman milli þeirra.

---

Einu sinni var maður sem langaði mikið til að læra að skjóta. Kaupir hann sjer svo byssu og skotfæri. Fer svo að prófa byssuna og setur skeftið á milli fóta sinna og siktar svo af hlaupinu að framan á markið, og var mikið hissa á að hann skyldi ekki hitta.

---

Maður nokkur var fenginn til að skjóta gorda álft. Leggur hann nú á stað með riffil og haglabyssu. Strákur lítill sá til hans og verður að orði: „Hann ætlar ekki að láta hana dreyra sig."

---

Einu sinni þegar frú A. var í heimsókn hjá frú B. barst talið yfir kaffiborðinu meðal annars, að kaffitilbúningi og hvernig kaffi ætti að vera. Frú A vildi hafa kaffi mjög

sterkt og sagði að þunt kaffi væri mjög óholt. T.d. sagðist hún einusinni hafa komið á bæ, með vinkonu sinni, hefðu þær þá fengið svo ónýtt kaffi að konunni sem með henni var hefði orðið ilt af því, og þegar við komum út fyrir túnið hjelt konan því.

---

Tveir menn höfðu verið settir í fangelsi, annar fyrir það að hafa stolið úri, en hinn fyrir að hafa stolið kú. Þá atlaði sá sem hafði stolið kúnni að fara að sneiða að hinum, og segir. „Hvað skyldi annars klukkan vera orðin:" Þá segir hinn. „Ekki veit jeg það, en trúað gæti jeg því að það væri komin mjaltatími."

---

Maður nokkur bað sjer konu á þessa leið. „Heldurðu að þú vildir ekki ganga með mjer veg allrar veraldar." Hún svaraði. „Og jeg held jeg yrði nú heldur skálítil til þess."

---

## Samhendingar.

Kveðið um haust.

Hverfa sjónum sólskinslönd,
sumarið margur grætur.
Ekkert vinst í aðra hönd,
aðeins dimmar nætur.

— — — — —

Það er margt sem þreytir á,
þessum svala vegi.
en allaf hjartað óskar þá,
að sjá bjart af degi.

Hlýja vor þig hrópa jeg á,
horfna skarir þínum.
Brettur þor og ber nú á.
blóði í sporum mínum.

---

O þú meyja unaðsnett,
elska jeg þig og vorið.
þú hefir margoft lífið ljett.
en líka þyngt mjer sporið.

Ritstjóri.

# Rauðu hestarnir.

Við riðum upp Rángársand, höfdum þungt á töskuhestunum og aðeins eitt bak bert. Það var þungur niður í eyrum því „Þjórsá“ fellur fáa faðma vestan við í gili, og er þar foss mikill, sem heitir Tröllkonuhlaup. Annars var fátt til tilbreytni. Undir fótum svartur sandur, og sá ekki á honum hvort nokkuð miðaði. Vestan við Þjórsá munaði smátt um seinagang okkar miðað við lengd hennar, en austan við Ytri Rangá, fögur að vísu en faldi sig. en ofan við dragið að henni, risu giljóttar brekkur. Tómur sandur svartur og illúðlegur, allt nema gilin, í þau hafði dregið hvítleita líparítösku, svo að litið sín var bröndótt öll eins- og kattarsíða. Þar hagar vel til um afrjettar girðingu enda er hún þar örlítill spotti milli ánna. Þegar við förum gegnum hliðið sáum við hesta tvo á sanda koma norðan og austan Tjallabaksveg leiðina þá sem við ætluðum, á þann stökki líkast og voru þeir hunelfir.
Við hugðum, að á eftir þeim myndi koma lest mikil, því að við vissum að Guðmundur frá Miðdal fór efra með þýskan ferðamann í eftirdragi, og sand af hestum. En hestar þessir höfðu enga riðu, þeir fóru all bug stóran úr vegi, þegar við mættum þeim, sperrtu frá sjer töglin leigdu upp hausana og gjetu all heimsklega.
Samt sem áður höfdum við lítið okkur svo fast í það að þetta væru tapaðir hestar Guðmundar að fararstjóri Pálmi rektor Hannesson bað mig að reyna að ná þeim við hliðið og koma þeim í ferðinni upp eftir aftur. Með því nú að við vorum illa hestaðir en jeg ekki sjúkur af ráðvendni lagði jeg á þá handa mjer og Steindóri kennara Steindórssyni, en kvaddi okkar klára upp að Landmannahelli sem svo nemdur en þangað var ferðinni heitið í fyrsta áfanga. Á þeirri leið gerðist fátt söguleg(t) en fundnu hestarnir reyndust hinir bestu, gangþægir, viljugir og hinir mestu garpar um rösk og fjörleik. Þegar uppeftir kom hafði jeg þá með hestum okkar, gekk svo að því búnu og öðrum kvöldverkum til náða. Morguninn eftir var jeg snemma á fótum og fór að líta eftir hestunum en

saknaði þá vinar í stað því burtu voru báðir
fundnu hestarnir.
Svo hagar þar til að áfangastaður okkar var
í dal. hafi grafin að nokkru inn í bratta
fellshlíð móti suðri. Eldfjallaaska er þar í
allri jörð, og grefst hún því mjög af vatni
og mátti glögglega sjá í gröfinni að þeim
megin hafði enginn hestur farið. en á hina
hlið dalsins rís einkennilegt fell að nafni Sáta
og snýr frá austri til vesturs. þeim megin
leitaði tjeg líka eftir slóðum, með þeim á-
rangri að jeg gekk úr skugga um að þar
höfðu þeir heldur ekki farið. þá lá næst að
rannsaka fyrir austan Sátu og er það hægt
verk, því að sökum sandfoks er gróðurlaust
þar sem mestur stendur vindstrengur við
fellið. þegar þangað kom hitti jeg tvær slóðir
og þekti þar hófaför þeirra rauðu. rakti þau
suður fyrir Sátu og vestur flatann sem
fellið rís frá, alltaf eftir söndum. Höfðu
þeir þá verið haftlausir, og farið mikið.
Ljetti eg eigi fyrri en jeg sá slóðir þessar
liggja inn undir tjald okkar frá kvöldinu
áður. Sá jeg þá að þetta sem jeg hafði strang-

legast rakið voru þá slóðir þeirra frá hinum
fyrra degi. Að svo komnu máli hjelt jeg
heimleiðis, og vildu þá fjelagar mínir ómögulega
leggja meiri hestavinnu í leitir, enda mátti
enginn okkar missast frá eigin störfum.
Hoylft sú er við vorum í er víðlend mjög
og víkótt, en mishæðalaus með öllu að öðru
en því að upp úr henni miðri rís Sáta og
áfast fell er skefur til suðurs og heitir
Langsáta. Í krókunum milli þeirra er
Sátubotn og suður úr austenda þess.* Lang-
sátubotn. en yfir lægðina alla sjest ekki
af neinum einum stað, og gátu hestar þessir
því víða verið án þess að hafa orðið fyrir
mjer. Þremur dögum síðar en þetta
gerðist, áttum við Pálmi leið saman yfir
fjöllin sunnan við hoylft þessa. Þegar
við höfðum skamt farið upp hlíðina sáum
í dalranghala einum rjetta leið frá áfanga
okkar austur til Skaftárlungu hvar þeir
rauðu voru á beit, og tókum við þá í baka-
leið. Þá höfðum við góðan tíma og skoðuðum
þá í krók og kring og fundum það þá út að
ýms einkenni bentu til að annar þeirra

myndi vera laungraður. Við þóttumst
við vissir um að geta haldið þeim því
hryssa sú er var í ferðinni var þann dag
í hestalátum. Heftum við klárana og
förum heim heldur kampakátir.
Næsta morgun fór sem áður. rauðu klár-
arnir voru horfnir enn á ný. Við datt engum
í hug að leita því við vorum löngu þreyttir
orðnir á því. En nú vorum farnir að halda
að þeir myndu helst vera strokuhestar austan
úr Skaftafellssýslu. en þangað ætluðum við að
fara innan skams.
Enn liðu nokkrir dagar. þá lögðum við
á stað austur í bóginn og bjuggumst við að
halda til um stund í Laugum við Kaldaklofs jökul
og áttum þá kið um sama stað og við
höfðum síðast fundið þá rauðu.
Þegar þangað kom byðu þeir þar kunnug-
janir komnir úr höftunum, þrátt fyrir
það þó okkur þætti þeir óbyggilegir tókum
við þá með og lá nú leiðin um svakallaðan
Dómadal og Dómadalshraun. hraun þetta er
allillt yfirferðar apalhraun sprungið og
yfirborðið eingöngu tinnustein og hrafntinna

enda er það allsvart. Þegar því sleppir taka við
margir fagrir staðir. en enginn þeirra kemur
þeim saman. En skömmu austar er jökulvatn
allmikið Jökulgilskvísl yfir hana fluttum
við áður en við komum í Laugar.
Laugar eru fagur staður og fáskrúðugi legur. Á sléttri
grjót-eyri við kvíslina hafa komið upp margar
mjög heitar laugar. og hafa þær svo rætkað
uppá eyrinni 2–3 vallardagsláttur af ilm-
andi smára, sumstaðar nokkuð mýr-
gresisblöndnum. Graslendi þetta eru tungur
nokkrar milli hornalækja auðgengið í allar
nema eina. en upp yfir rís hraun úr hrafn-
tinnu og tinnustein eins og Dómadalshraun.
en yngra. og svo úfið að enga veit jeg þá
hest skepnu sem þora myndi í það að leggja
þar hafði Guðmundur frá Miðdal verið fyrr um
sumarið og þaulbeitt alla jörð nema þá tungu
eina er honum mun hafa þótt illfært í.
Þangað urðum við því að vísa hestunum okkar
og förum með þá ofan við lækinn á hraun-
röðinni og máttu þar sjálflytja hest eftir hest
og taka á þeim á sumum stöðum hraun
fót og fara, því svo var það úfið og hættulegt

milli egghvassra hrafntinnuflísa niður að stíga að við þorðum ekki að gætni hestana að treysta. Laugarlækirnir voru að vísu fórir [?] en við sáum að hestarnir óttuðust mjög gufuna úr þeim. vildum því láta þá standa fyrir. þar töldu rauðu [?] undrin yfir eina nótt og leituðu þá mjög fyrir sjer. En um miðjan dag hinn næsta fóru þeir í lækinn snarphutan [?] og allbr- eiðan. óðu ferðu greið-stigir og bjuggust síðan á spretti að leggja í Jökuldals- kvíslina, sömu leið og þeir höfðu komið, en tókst þá ekki að sleppa að því sinni.

En þá var austur haldið í þann stað er Stórikýlingur heitir er það fell eitt lítið algróið hálfkúlumyndað með sam- nefndum kofa og er að norðan í litlum dal. Dalur sá hallar undir flatt því suður hlíð hans er bröttleg skriða með 200–300 metra háum standklettum úr díláttri hrafntinnu fyrir ofan. Aðra tilbreytingu hefir dalur sá einnig. Miðbik hans er hulið vatni. Stendur þar uppi úlfgrátt jökulvatn, lón, úr Tungná. Vesturendi hans er [illegible] vaxin en austur-endinn vallendis og bakka- gróðri. Ennfremur er norðurhlíð hans gróin og grasi vafin. en suðurhlíðin dautt og sorfið grjót, og liggur vegurinn (Fjallabaks- vegur nyrðri, eða Landmannaleið eftir sand- sonnu [?] er lekur við undir skriðunum í Suðurhlíð.

Meðan við vorum önnum kafnir við kofann, að taka ofan af hestunum okkar. hurfu þeir enn þeir rauðu. Höfðu þá ekki beðið boðanna en lagt sig á syngjandi stökki vestur sandinn og í hvarf, áður en við Pálmi höfðum lokið við að laga um fjelaga okkar Stendór sem hafði fylgst með tjúkur [?] frá Laugum. Síðan hefi jeg hvorugan þeirra sjeð, en laþu [?] ári eftir að þessi saga ~~[illegible]~~ gerðist, frjetti jeg að hestar þessir hefðu verið lánaðir frá Laugum í Ytrihreppi að Tungufelli um vorið fyrir slátt, en horfið þaðan og fundist um göngur komnir þá niður í Rangárvelli og breyttir mjög.

Lýkur svo hjer að segja ~~[illegible]~~ af rauðu hestunum tveimur.

Sigurður Jónsson frá Brún.

# Gleður.

Ort á þorra 1932.

Burt er fönn af fjallahring.
farin bylja sporin.
Loftið angar allt um kring.
eins og best á vorin.

Upp á Sandi er allt svo frítt.
öllum vanda lýkur.
blærinn andar undurþýtt.
yfir landið strýkur.

Oftast hefir aðþrengdur.
illum kropið lögum.
Eflaust hefði hann Eivindur,
unað þessum dögum.

Hraunin bjóða heljarkast.
hæpp eru fá á Sandi.
en heldur vildi hann hríð og frost.
en hrekjast burt úr landi.

— — — —

Engir leiða afreksmenn.
upp á heiðar-friðinn.

Frelsið seiðir fólkið enn.
fjöllum leiðist biðin.

— Ritst —

## Vor.

Þið vitið það öll, þó að vetur sje enn.
þá er vorið ei langt undan ströndum.
og fuglarnir hyggja með fögnuði senn.
koma fljúgandi sunnan úr löndum.
þeir setja svo fjálslegan svip oft á menn.
er þeir svífa á vængjunum þöndum.

Þjer fannst ekki vinur, þá lífið svo leitt.
þig langaði að vefja að þjer alla.
Og svanirnir mjallhvítu svifu einnig greitt
með söngvum, til bláheiðra fjalla
það var eflaust fagurt, er svona gat seitt.
það sama fann áður hún Halla.

Þú gleðst, ef að lítirðu geisla um jól.
það gefur þjer yl í hjarta.
svo gægjast þeir hærra, um grundir og hól.
og ~~gleypa~~ gjöreiða við myrkrinu svarta.

Hve harmarðu sárt, hin sunnlægandi sól,
með ljósinu og ljósinu hjarta.

— • — • — • —

Þig langar svo oft til að yrkja nú ljóð
um allt það sem hugur þinn geymir
hin heillandi vornótt hún hitar þitt blóð
að hjarta þjer óar það streymir,
þá bíður hún eftir þjer hikandi, hljóð.
hún hlustar, hún þráir, og dreymir.

Þú hlýtur að sjá, þetta heillandi vor,
sem hefur þig, lífs yfir glaumna.
það lífgar þinn anda, og ljettir þín spor,
og lyftir þjer yfir þá strauma.
það vekur þig árla, og veitir þjer þor
en vaggar þó síðast í drauma.

Ásgrímur Kristinsson

— Ritstjóri. —

Ásgrímur Kristinsson.

# Ingimundur gamli.

Blað ungmennafjelagsins Vatnsdælingur.

| 3 Tölublað | Sunnudaginn 30 april. 1933 | XIII árg. |
|---|---|---|

## Kveðja

Geisli fagur, glaey frá
grund og haga kysti.
Sást til boga svífur hjá
sumardagur fyrsti.

Hverju smáu laufi list
ljóst er á þau skinu.
að þú mátt grái vetur víst
víkja úr hásætinu.

Allt er fjallið autt í senn,
ornar hjalla bíta.
heiðin kallar á þig enn,
álftin mjallahvíta.

Upp úr lautum létt og kát,
lömbin standa á fætur.
það sem kleut að gera grát,
er gleymt í skauti nætur.

Geislar bliðir glóeyjar,
glitra um hlíð og bæinn.
grösin bíða grimmunnar
gráta fram daginn.

Kvöldið grætur gleði veig,
gamlan bátir trega.
Húmið nætur hljótt á leig,
hallast gætilega.

A. K.

## Ferðasaga.

Þegar jeg var ungur, var jeg hneigður fyrir nýbreytnið, eins og margir strákar eru, enn þann dag í dag, og ríkur af ýmsu hugmyndaflugi.
Einu sinni lagði jeg á stað í langt ferðalag, og var helst að hugsa um að fara sitthvað vestur á land.
Jeg lagði á stað einn fagran vormorgun hjer norður „Vatnsdal". Þegar jeg kom út í (Þingið) hitti jeg mann sem ætlaði vestur á land, og okkur samdist um að verða samferða eins og leið liggur vestur sýslu, og komumst á kvöldi að Hrútatungu sá bær stendur við Hrútafjarðarbotninn.
Þar hafði jeg aldrei komið fyr, en samferðamaður minn leit út fyrir að vera kunnugur þar, minsta kosti er hann sá heimasæturnar þar.
Næsta morgunn lögðum við á stað, og þá fórum við af póstleiðinni og bygðum vestur sunnan við túnið á Melum í Hrútafyrði sá bær stendur við Hrútafjarðará að vestan

beint á móti Hvítárbrúnni [?].
Vegurinn liggur vestur, sunnan við Laxárdalsheiði, yfir skarð sem kallað er Haukadalsskarð. Þegar komið er vestur yfir skarðið kemur maður ofan í dal sem nefnist Haukadalur. Þar liggja götuslóðir norður hann sem eru mjög óglöggar lengi vel.
Framan til er dalurinn mjög þröngur og fjöllin [?] en breikkar þegar norðar dregur. Á einum bæ í dalnum fórum við heim til að fá okkur kaffi. Sá bær heitir Þorfi [?] það er að sjá stór og mikil jörð eftir því sem jarðir þar eru. Þar er sagt að oft hafi verið haldnar stórar skemtanir til forna er kallaðar voru „Jörfagleði" enda er þar mjög hentugur skemtistaður fyrir margar sýslur landsins. En sagt er að hafi verið numið burt með lögum
þær skemtanir
vegna þess að þar þótti fólk til í ýmis-legt er það var orðið drukkið af hinni svakölluðu „Jörfagleði". Og munnmælasögur segja að afleiðingar af hinni síðustu skemtun hafi orðið 18 – ólöglegra [?] Tauscheitskrakka [?]

Frá Jörva fjellum [?] við norður dalinn, og að Búðardal. Þar skiftust leiðir okkar, því jeg fór vestur með Hvammsfirði, en hann norður með honum og út á Fellsströnd. Síðan fór jeg vestur yfir Dali og út Skógarströnd og sem leið liggur til Stykkishólms þar hvíldi jeg mig í tvo 2 daga.
Á þeim tveimur dögum sá jeg ýmsa ný-breytni t. d. er bílstjórar og aðrir gleðimenn keyrðu með kunningjastúlkur sínar upp í holtinn fyrir ofan kaupstaðinn og skildu bílana þar auða eftir, og gengu áfram fótgangandi lengra í burtu frá hinum iðandi ~~mann~~ fólksstraum til þess að geta þar inndæli betur notið gleði sinnar í samræmi við náttúruna.
Þriðja daginn er jeg var þar lagði jeg á klára mína og hjelt út í Bjarnarhöfn því það er frægur sögustaður. og heyrði jeg mikið látið af rausn þar í peningshúsbyggingum. Þar eru fjárhús yfir 600 fjár, og það eru þau fegurstu hús sem jeg hefi sjeð. Þau eru í tveimur lagi 300 í hvorjum stað, bustreist með járn—

þaki, og þiljuð innan og með grindum i gólfi, við þau eru einnig stein stepttar hlöður, sem skift er i 3 hólf þannig að í miðjunni er hólf fyrir vothey, en endahólfum taka 250 hesta af heyji hvert. enda voru þessi hús bygð fyrir peninga Tórs Jensen.
Fyrir ofan bæin er afarhátt fjall er nefnist Bjarnarhafnarfjall, þar fór jeg upp því mjer var sagt að þaðan væri mjög víðsýnt. enda vissist það sjett vera er jeg kom upp. því þaðan sjest yfir allar Breiðafjarðareyjar og hjer langt norður á land það er að segja hæstu fjallahnjúka.
Síðan hjelt jeg aftur til Stykkishólms Næsta dag eftir fjekk jeg mjer bíltúr til Borgarness, því þangað fóru fjórir bílar úr Stykkishólmi fullir af fólki. Einn af þeim var kassabíll, og jeg tók mjer far með honum, því eins og segir i kvindinu. „Þá tekur stundum lagleg stúlka i fjótum kassabíl." Lengi verður mjer minnisstæð sú stúlka þá ekki væri hún lagleg, enda stóð illa á fyrir henni því hún var mjög bílveik. Það var mjög þrengt í bílunum ógóþægilegt fyrir svo bílveikt fólk eins og hún var, svo hún sá sjer ekki fært annað fært en hafa poka fyrir vitum sjer, er tók á móti öllu því er uppúr henni gekk, við hristinginn og þótti farþegum, þetta vera misjöfn skemtun.
Um nóttina vorum við í Borgarnesi og daginn eftir fórum við upp að Hvítárvöllum til að sjá hina miklu brú á Hvítá er þá var nýreist. Síðan snerum við aftur til Borgarness og svo til Stykkishólms, og gerðist margt fleyra söguleg á leiðinni er verður þó ekki hjer talið.
Í Stykkishólmi var jeg nokkra daga eftir þetta og hjelt síðan sjóleiða leið heimleiðis Einn hinna síðari daga i Stykkishólmi fór jeg uppað Helgafelli bæ „Snorra goða" og síðan upp á fellið fyrir ofan bæinn, þar sem sagt er að Snorri hafi oft gengið uppá til að hugsa vandamál sín i næði.
Sagt er að hver sem þarkomi i fyrsta sinn, megi óska sjer 3ja óska og muni þær rætast. Mjer hefir þótt þetta hinn besti skemti-túr er jeg hefi farið og lifi ennþá i endurminningunum um hann Þorsteinn B.B. 33

# Um laxveiði

Það hefir komið fram á Búnaðarfjelags-
fundi hér í vetur að nauðsyn bæri til
að koma upp laxaklaki í Vatnsdalsá
Hafði mál þetta fengið heldur daufar
undirtektir, því eins og von er, eru
menn ragir við að leggja í miklar
framkvæmdir á þessum erviðu tímum.
en þó þetta komist ekki til framkvæmda
má auka veiðina að mun með öð-
rum hætti. Það er með því að koma
því skipulagi á, að ekki verði gengið
mjög nærri veiðinni. Því eins og nú
er má svo að segja sópa upp úr
ánni á löngum köflum. og sje um
einhverja veiði að ræða er farið það
oft í áðsátt að það sleppur valla
nokkur lax fram í gilin, þar sem
hann hefir loksins frið. og þegar er
komið fram á þann tíma sem
hann er friðaður, er að mestu hætt
ganga. svo það verða ekki margir til
að hrygna

Ef nú eitthvað á að gera fyrir laxveiðina
án þess þó að koma upp klaki, er
annaðhvort að takmarka netaveiði til
stórra muna, á meðan laxinum er
að fjölga. eða þá að banna hana alveg
því nú er stangaveiði mikið að færast
í vöxt, og er sennilegt, að ef um all-
mikla stangaveiði væri að ræða yki
það ferðamannastrauminn fram í sveitina
því nú orðið þykir flestum sjálfsagt að taka
veiði-stöng með sjer í ferðalögum, og er
þá farið hvert sem veiðivon er, gæti það því
orðið nokkrar tekjur að leigja ferðamönnum
og sömuleiðis fjölgaði veiðistöngum hjer
þegar menn sæju, að eitthvað væri upp úr
þeim að hafa.
Jeg álít það ólíkt heppilegra, að snúa sjer
eingöngu að stangaveiðinni, því hvortveggja
er að sú veiðiaðferðin verður ódýrari og
um leið miklu skemtilegri, því það eru
allir sammála um, sem á stöng hafa veitt
að fátt sje betri skemtun. gæti þetta því orðið
góð dægrastytting á sunnudögum á sumrin
Það hefir stangaveiðin til síns ágætis

að laxinum fjölgaði með tímanum
því það átti nokkuð langt í land.
„En betra er seint en aldrei."

Haukur Eggertsson.

## Skrítlur.

### Sendibrjef.

Ókunnugi góði vin! Þú þekkir mig ekki núna, jeg heiti Bjarni og er Björnsson og var eitt sinn á Grímsteinsstöðum í sóma og yfirlæti, en er nú á Sandanesi að læra söðlamakararbeide. Jeg ætla að bjóða þig bónar, og hún er sú að bjóða þig að gefa mjer hana Halldóru dóttur þína, og ef þú verður við bón minni þá ætla jeg að bjóða þig að vera búin að höndla hana þegar jeg kem norður, og þá mættirðu kannske sækja til mín svo sem einn fjórðung af spaði ef þjer lægi á.

Veri jeg svo góði befalaður.

Bjarni Björnsson.

## Verkaskifti.

Einu sinni var kall og kerling í koti sínu þau höfðu þann leiða vana að vera altaf að jagast og var það því venjulega karlinn sem byrjaði að skamma kerlinguna sína fyrir seinlæti við búverkin. hún þoldi það furðanlega lengi fyrst. en þá kom að því að hún stakk uppá því við karl að þau skildu hafa verkaskifti einn dag, kall lék því vel, og kerling labbaði með vinnumönnum út í engjar til þess að slá.
Karl fer nú til verka heima við, og byrjaði nú á því að búa út strokkinn. Á meðan hann er við strokkinn tekur hann að þyrsta mjög svo hann gengur inn í búr og fær sjer þar að drekka úr drykkjarkönnunni, þá heyrir hann einhvern skarkala fram í eldhúsinu og dettur nú í hug að heimalningurinn muni nú vera kominn í strokkinn svo hann bregður fljóti við og hleypur fram og er þá heimalningurinn búinn að fella strokkinn um kall og rjóminn flautum alt gólfið. Hann rekur nú heimalninginn

út með vonsku, en man þá eftir
því að hann heldur á lappanum úr
drykkjartunnunni í hendinni, hann hradar
sjer nú inn í búrid aftur, en þá er
alt runnið úr tunnunni.
Karl fer nú og býr í strokkinn aftur
en man þá eftir því að hann á eftir
að sækja vatnið í lindina, en hann þorir
ekki að skylja strokkinn eftir svo hann
bindur hann upp á bakið á sjer og
labbar svo eftir vatninu í brunninn.
en um leið og hann sekkur fötunni
í brunninn lýtur hann áfram, en veit
þá ekki fyr en alt steypist úr strokknum
ofan yfir hausinn á honum.
Sídan fer hann nú heim með vatnið
og lætur nú upp á patt til þess að sjóða
graut í honum, en þá man hann
hann eftir því að hann á eftir ~~[illegible]~~ að
láta út kúna, en vegna þess hvað framm
ordið var ordið, dettur honum í hug að
teyma hana upp á bæjar þakið því þar
var loðið og slyttra þangað en í hagann
og hann ordinn einn fyrir með matin

en vegna þess að hann var hræddur um
að kýrin dytti ofan af bænum, þá fær
hann sjer reipi og bindur um hálsinn
á henni og setur það svo ofan um eld-
hús-strompinn og hnítir um lærið á sjer, og
ætlar með þessu að varna þess að kýrin
hrapi ofan af bænum. Sídan heldur
hann áfram að sjóða grautinn og hrærir
í honum svo hann brenni ekki við.
þá veit hann ekki fyrri til en hann tekst
á loft og stansar ekki fyr en hann er kom-
inn upp að strompinum, sem var yfir grautar-
pottinum, og getur þar enga björg sjer veitt
Nú víkur sögunni til kerlingar, að henni
þykir langt að bída eftir matnum, svo hún
gengur heim með ljáinn í hendinni og þegar
hún kemur heim á hlaðið þá er það fyrsta sem
hún sjer, að kýrin hangir í bandi fram
af bæarhlidinni, kerling bregdur fljótt við
og sker í bandið svo kýrin dettur niður
og hafdi hún henget í bandinu.
Sídan fer kerling inn og finnur þá bónda
sinn nær dauða en lífi niður í grautar-
pottinum. En það er ekki talað um að
karl hafi viljað hafa verkaskifti næsta daginn.

Umrenningur. 86

## Til baka.

Mig langaði að leita.
so langt út í geim.
jeg átti margar óskir.
en ekkert varð af þeim.

Jeg lagði út í leiðin.
að leita mjer fjár.
því æfintýrin ögra.
og útsær draumablár.

En hamingjan er hverful.
hún hirðir ei um þrár.
því ~~allslaus~~ kom jeg aftur.
með algránað hár.

En hjerna finn jeg friðinn,
og farsæld og ró.
því alt það sem jeg átti.
í átthögunum bjó.

. . .

Þó ofengir þú vinur
þá veistu það samt
að það er leitt að: leita
„Langt yfir skamt."

Á. K.

- Ritstjóri - Ásgrímur Kristinsson

# Ingimundur gamli.

## Blað ungmennafjelagsins „Vatnsdælingur."

4 tölublað | Laugardaginn 2 Desember. 1933 | XIII árg.

## Stökur.

Hlýir vindar verma dal
vor í skyndi boða.
fæðist yndi í fjallasal
fer á linda að roða.

Augað gef mjer ekki strax
áslum þart að blassa
Jeg er einn og hjettur lax
leik um alla fossa.

Skaut jeg fyrstur ástarör
átti listaboga
Síðan kysti kvennmansvör
kveikti fyrstur loga.

---

Þessum kátt þú kvaðst um sinn
kann jeg fátt að muna
hlusta brátt svo hugfanginn
-horfi á náttúruna.

---

Rósin fríða hátt í hlíð
hlýtur blöðin úr stríði
Sjest hún víða í vorsins tíð
vera að skríða úr hýði.

---

Rísa úr dái blómin blíð
birtu þrá og hlýju
þá mun bláa fjólan fríð
fegurð fá að nýju.

---

Dalur fríður blóma ber
blómum þýða hyltur
Salur víður orðinn er
unaðsblíðu fyltur.

Grámann í Garðshorni

# Skrítlur

„Hvað er álit þitt á nýju stjórnendunum í fjelaginu." „Já helmingnum af þeim trúi jeg ekki til að gera neitt, en hinum helmingnum trúi jeg til alls."

---

Gullsmiðurinn: „Á að grafa nafn stúlkunnar á hringinn?"
Maðurinn: Nei það er nóg að setja: „Frá Jóni til fyrstu og síðustu stúlkunnar, sem hann elskaði." „Eg get þá notað hann aftur ef jeg þarf."

---

Læknirinn við listmálarann. Eru þetta mistök þín sem hanga hjer á veggjunum? Listmálarinn. Já. Þar hafið þið læknarnir dálítið fram yfir okkur málarana. Þið getið grafið ykkar mistök.

---

Húsmóðirin: Hvernig eigum við að koma gestunum til þess að fara? Húsbóndinn. Hvernig heldurðu að það væri ef þú reyndir að syngja fyrir þá.

R.

# Kaupamennirnir.

Það er orðið nokkuð langt síðan að Eiríkur var kaupamaður á bæ sem eigi verður nefndur hjer. Það var víst á árunum 1890 og þar eftir.

Hann kom ríðandi sunnan fjöll með öðru kaupafólki. Þá var það algengt mjög að fólk leitaði eftir kaupavinnu norður um sveitir, enda var þá minna um atvinnu þar syðra heldur en nú er.

E sjerðist kaupamaður að bæ þessum, og þótti dugnaðarmaður í heyvinnu, en ekki þótti hann stíga í vitið. voru margar skrítlur og kímnisögur sem gengu um hann manna á meðal.

Einu sinni um sumarið á túnaslætti gerði hvassviðri mikið. E var þá að slá á brekku sem var ofan við bæinn. hann vann sjer svitt mjög og var venjulega sveittur og slá því oftast á skirtunni. og eins var þennan dag.

Daginn eftir fóru piltarnir að tala um það við E hvað hann væri lasin, það væri svo mikill vindgangur í honum. Þá svaraði E „það gerir þessi bölvaður gjóluvindur í gær, hann hefir náttúrlega farið upp undir skirtuna mína og svo inn í mig, og er nú að koma aftur."

Seint um sumarið gerði hret eina nótt og var mjög kalt morguninn eftir. Þá klæddi E sig vel hann fór í peysu áður en hann fór á engjarnar. Þegar leið að hádegi fór að hlýna og fór E þá úr peysunni, og lagði hana í dagjuna hjá sjer. svo leið til kvölds og er menn gengu heim, þá gleymdi E að taka með sjer peysuna og fór svo í nokkur kvöld

Einu sinni býður E piltana að minna sig nú á það að taka heim með sjer peysuna, þeir lofa því. Og eitt kvöld er þeir hætta vinnu segja þeir E að fara nú og taka peysuna. hann fer á stað að taka peysuna, en þeir ganga heim á leið. E gengur þangað sem hann minnti að þeir hefði slegið daginn sem hann var í peysunni hann svinglar þar um stund en finnur ekki peysuna. hann nennir því ekki að leita að henni og fer heim. Þá voru piltarnir komnir heim í brekkuna fyrir ofan bæinn og sjá þeir þá að E kemur og er peysulaus. þeim

þykir nú bera vel í veiði með það að hafa gaman
af E. þeir bíða því eftir honum, og er hann
kemur segir hann þeim að hann hafi ekki
fundið þeisuna, þeir segja honum nú
að þeisan blasi við honum úr brekkunni
hann sjer það og hugsar nú gott til að taka
þeisuna kvöldið eftir, E kvöldið eftir fór alt á
sömu leið. E fann ekki þeisuna og þegar
heim í brekkuna kom þá sá hann hana
blasa við sjer. þótti honum þetta ilt en
fjekk ekki aðgert. Fór svo mörg kvöld í röð
þar til einn piltanna fór með E og leitaði
að þeisunni og fundu þeir hana þá. og var
E piltinum mjög þakklátur fyrir

E var mörg sumur í röð á bæ þessum
og líkaði það vel. Einu sinni var annar
kaupamaður þar, honum samtíða er
hjet Björn ekki þótti hann vitrari, en hafði
það framyfir E að hann var bæði fljótfær
og framhleypinn. B var heldur ljelegur til
vinnu enda burðalítill, átti hann erfitt
með að bera sátur upp í hey, og þvíum
likt er reyndi á krafta.

Dag einn er bóndi var úti B að bera
sátur upp í hey til bónda er leysti þar úr
þeim. B gekk það treglega að vanda en alt
komst þó af. Þá kemur út að töftinni gamall
maður sem á bænum var. hann hafði verið
afbent harðmenni á sinni tíð, og var víða getið
var hann þá orðinn aumingi hrumur mjög
og heyrnar sljór, Í því að karl kemur út að
töftinni er B að bera upp sátu, og gengur
það mjög illa. Karl sjer það og hristir höfuðið
og tautar fyrir munni sjer, „hann kemst —
þetta aldrei." B var þá komin upp í stigann
er karlin var að tauta þetta niðri fyrir. og hefir
hann víst heyrt það. því það kemur á hann ber-
serksgangur og slengdi hann sátunni upp
á heybrúnina og en bóndi er þar við og
kippir snögt í sátuna svo hún verður laus við
B, en hann átti ekki von á svona snöggu
átaki svo hann hrekur ofan úr stiganum
og ofan á vegginn. hann stendur upp fljótlega
og segir með drýgindum í rómnum, „og
upp komst hún þá." Karl virtist ekki heyra
það. en tautaði við sjálfan sig. „Þarna fór
heldur slisalega." Bóndi heyrði alt og hjelt
víst á því enda var hann gamansamur
mjög

Einu sinni áttu þeir E og B að hjálpa
bónda til að þekja fjósheyið, og áttu þeir að
sjetta honum torfið en hann ætlaði að koma
því fyrir eins og það átti að lygja.
Bóndi hafði nú gaman af því að hafa
báða kaupamennina eina í vinnu með sjer
og hugsaði sjer nú að láta þá spjalla á
meðan. Töluðu þeir nú um ýmislegt, og
þar á meðal hvað mundi verða af líkamanum
eftir dauðann. E sagði að hann mundi
rotna og verða að engu, þá gellur B við og
segir „ekki rotna beinin." Þá svarar E Jú jú
jeg hefi einusinni sjeð kistu sem kom upp
úr garði, og þar var ekki neitt, ekki svo mikið
sem fýsisveppur. Þeir tala nú um ýmislegt
og loks spyr E bónda að því hver sje þingmaður
í þessari sýslu, bóndi segir honum það en
spyr E um leið að því hver sje þingmaður þar
syðra hjá þeim. Ætlaði hann nú að vita hvort
þeir vissu hver væri þingmaður þeirra. B var
úr Garðinum en E úr Leirunni
E verður seinn til svars en segir þá „Jeg veit nú
eiginlega ekki hvað jeg á að segja um það
þeir ætluðu nú að halda fund og buðu

menn úr Leirunni og Garðinum, en jeg man
nú ekki hvernig það fór jeg held helst að það
hafi allt verið ágætt þegar jeg fór að sunnan í vor
þá segir B það var nú einhvernveginn svoleiðis
að þeir hjeldu fund en ekki veit jeg hvað gerðist
þar, þeir voru nú held jeg tveir sem buðu sig
fram þarna úr Reykjavík, en jeg veit ekki
hver annar var, en hinn var einhverslags
vinnumaður eða eitthvað svoleiðis, en að minnsta
kosti stundaði hann sitt gagn að hálfu leyti
Bóndi varð að láta sjer þetta nægja, enda vissi
hann um þingmanninn, en hann
var Hannes Hafstein er þá var landsritari
Margar fleiri sögur ~~gam~~ eru til um þá B og E
en verða ekki hjer uppstaldar." En það sagði einn
merkur bóndi um E þegar hann lagði upp
í síðasta sinn á Grímstunguheiði að hann
hefði verið í þrettán-13 buxum og hefði verið svo
stirður að orðið hefði að hjálpa honum á
~~hest~~ baká merina er hann reið. og að hann
hafi verið líkari trölli en manni er hann
róaði svona upp Haukagilshálsinn.

Eftir gömlum sögnum

— Ritstjóri —

## „Á tímamótum"

Þú sjerð ekki maður hin sólroðnu ský
er sveva yfir tindunum hán.
Þau kíka sjer augnablik loftinu í
svo leiðast þau braut en þá komandi nóttin ný
– Slíkt minnir á menninga smán.

Við njótum hjer lífsins svo ör-stutta stund
við stórsum og litum til baka.
Þá verður hverjum að vega sitt pund
og veit að nú eru lokuð sund.
– Hvort vann hann til vegs eða saka.

Þú maður sem barst lávægum höfuðið hátt
og horfðir svo djarft fram á veginn.
Hjá þjer verður aldrei, gamanið grátt
– Þú gætir að hinum sem standa svo lágt.
– Hve þeir eru þrælkaðir greyin.

Þú þakkar víst honum sem höfuð þitt skóp
og hjelt þjer á kjölinum svo lengi.
Þá heyrirðu í kringum þig hefjandi óp
en kjarkur þinn slyskist við öskur og hróp.
– Þú hugsar um gæfunnar gengi.

Þú veist það að allur þinn auður var dýr
svo af honum má ekki taka
hin svartasta ágirnd í sál þinni býr
en síðasta dómaranum aldrei þú flýr
frá „Hann, mun ei hársbreydd til slaka."

En sá sem að horfir með hugarró á
þann harmleik sem allstaðar gengur
sem hrópin og stunurnar hlustar ei á
en hrekur hverf smælingja dýrustu þrá.
– Þeir vilja ekki þola honum lengur.

---

Sjá hlekkirnir bresta þeir hrista sín bönd
og heimta af þeim auðugu völdin.
Þeir hrópa sitt stríð yfir lög, yfir lönd
og lyfta til sigursins máttugri hönd.
– En voldugur verður þá fjöldinn.

(Einn rauður.)

## Staka

Ingimundur er víst í vanda
hans vinir eina drekkum skál
Kveðum frá honum illan anda
eins og Davíð gerði við Sál.

Ókunnur höfundur.

---

— Ritstjóri. —

Ásgrímur Kristinsson.

# Ingimundur gamli.

Blað ungmennafjelagsins „Vatnsdælingur.“

| [tölublað] | Föstudaginn 26 Janúar 1934. | [XIIII ár] |
|---|---|---|

## Að fylgjast með tímanum.

I

Sagt er: að svo margir, sem mennirnir sjeu, svo sjeu þeir og ólíkir. — — —
Það mun mega fullyrða, að í þessum orðum felst meir en hálfur sannleikur og víst er um það, að engir tveir hafa sama sjónhring. Aftur er margt, sem stuðlar að því að gjöra samtímamennina líðstaða hvora öðrum; — hinar ytri aðstæður